

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1372****2021/EES/19/05****frá 19. ágúst 2019****um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf***(tilkynnt með númeri C(2019) 6026) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2007/2/EB er gerð sú krafa að aðildarríki skuli vakta framkvæmd og notkun grunngerða sinna fyrir landupplýsingar og skila skýrslum um ýmis atriði sem því tengjast. Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB ⁽²⁾ kemur tilskipun 2007/2/EB í framkvæmd að því er varðar þá vöktun og skýrslugjöf. Reynslan af fyrri skýrslugjöf og niðurstöðurnar úr nýlegu mati (mat á tilskipun 2007/2/EB ⁽³⁾ innan ramma áætlunarinnar um markvissa og skilvirka löggjöf (REFIT)) „Fitness Check on reporting and monitoring of EU environment policy“ (gæðaeftirlit með skýrslugjöf og vöktun á umhverfisstefnu ESB ⁽⁴⁾) hefur sýnt fram á þörfina fyrir að einfalda vöktun og skýrslugjöf og gera þær markvissari, styðja við betri samanburð á því hvernig framkvæmdinni miðar þvert á aðildarríki og gera kleift að hafa yfirsýn, bæði á landsvísi og í Sambandinu, samhliða því að draga úr vöktunar- og skýrslugjafarbyrði í stjórnsýslunni. Safna ætti uppfærðum upplýsingum á auðveldari, sambærilegan og minna íþyngjandi máta fyrir alla sem koma að skýrslugjöf. Mikill fjöldi vísa gerði það enn fremur ókleift að fá skýra innsýn í það hvernig framkvæmdinni miðaði. Vísarnir voru of margir og ekki endilega þeir réttu. Því ætti að skipta út ákvörðun 2009/442/EB.
- 2) Vöktun ætti að byggjast á mengi vísa sem eru reiknaðir út á grundvelli gagna sem safnað er hjá opinberum yfirvöldum. Þessir vísar munu mæla framvindu framkvæmdar tilskipunar 2007/2/EB í aðildarríkjunum og verða notaðir til að meta hversu vel framkvæmd tilskipunarinnar gengur samanborið við markmiðin með henni. Því hafa vísarnir, sem mælt er fyrir um í þessari gerð, verið valdir í samræmi við almennt rökrétt íhlutunarferli tilskipunar 2007/2/EB og eru viðbrögð við kröfunum um að auðkenna þau landgögn sem þarf (3. gr.), skrá auðkennd landgögn með lýsigögnum (4. gr.), sjá til þess að skráðu landgögnin séu aðgengileg á netinu í gegnum netþjónustur sem gera það kleift að leita að þeim, skoða þau og hala þeim niður (6. og 7. gr.) og að flokka landgögnin í rekstrarsamhæfð landgagnalíkön með sameiginlegan orðaforða (5. gr.).
- 3) Til að draga úr stjórnsýsluálagi vegna vöktunar ætti að reikna vísana út á grundvelli lýsigagna fyrir landgagnasöfn og landgagnþjónustu, sem þegar hafa verið búin til og aðildarríki hafa birt skv. 5. gr. tilskipunar 2007/2/EB, til að aðildarríkin þurfi ekki að reikna vísana út handvirkt og leggja fram skrá yfir landgagnasöfn og landgagnþjónustur sem samsvara þeim þeimum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB á hverju ári eins og kveðið er á

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 220, 23.8.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2020 frá 20. mars 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/442/EB frá 5. júní 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar vöktun og skýrslugjöf (Stjtið. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 18).

⁽³⁾ SWD(2016) 273, lokagerð.

⁽⁴⁾ COM(2017) 312, lokagerð, og SWD(2017) 230.

um í ákvörðun 2009/442/EB. Einungis verður tekið tillit til lýsigagna sem aðildarríki birta þegar vísarnir vegna vöktunar eru reiknaðir. Lýsigögn sem ekki hafa verið birt eru ekki leitarbær og eru ekki framlag til grunngerðar fyrir landupplýsingar og því verður þeim sleppt þegar vísar vegna vöktunar eru reiknaðir út.

- 4) Til að draga úr stjórnsýsluálagi vegna skýrslugjafar ættu aðildarríkin einungis að gera grein fyrir þeim þáttum grunngerðar sinnar fyrir landupplýsingar sem hafa breyst frá framlagningu síðustu skýrslunnar skv. 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB.
- 5) Til að tryggja samræmda og sambærilega nálgun við vöktun og skýrslugjöf í öllu Sambandinu ættu aðildarríkin að vakta a.m.k. sameiginlegt hlutmengi landgagnasafna og gefa skýrslu um tiltækileika þeirra, aðgengileika og rekstrarsamhæfi. Þetta sameiginlega hlutmengi ætti að vera þau landgagnasöfn sem aðildarríki nota nú þegar vegna skýrslugjafar samkvæmt þeim hlutum umhverfislöggjafar ESB sem tilgreindir eru í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar ⁽⁵⁾ „Actions to Streamline Environmental Reporting“ (aðgerðir til að einfalda umhverfisskýrslugjöf) í kjölfar ítarlegs gæðaeftirlits með skýrslugjöf og vöktun á umhverfisstefnu ESB ⁽⁶⁾.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í ákvörðun þessari er mælt fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd skuldbindinga aðildarríkjanna um að vakta framkvæmd og notkun grunngerða sinna fyrir landupplýsingar og senda framkvæmdastjórninni skýrslur um þá vöktun eins og mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/02/EB.

2. gr.

Almenn ákvæði um vöktun og skýrslugjöf

1. Vísarnir, sem um getur í 3. til 7. gr., skulu reiknaðir út með því að nota lýsigögnin í þeim landgagnasöfnum og landgagnþjónustum sem aðildarríkin birta í gegnum leitarþjónustuna sem um getur í a-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB.
2. Aðildarríkin skulu gera allar niðurstöður úr vöktun, í samræmi við 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB, aðgengilega almenningi á Netinu eða með því að nota aðrar viðeigandi fjarskiptaaðferðir.

3. gr.

Vöktun á tiltækileika landgagnasafna og -þjónusta

1. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla fjölda landgagnasafna og landgagnþjónusta:
 - a) fjölda landgagnasafna sem til eru lýsigögn fyrir („DSi1,1“),
 - b) fjölda landgagnþjónusta sem til eru lýsigögn fyrir („DSi1,2“).
2. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla fjölda landgagnasafna sem aðildarríkin nota nú þegar til skýrslugjafar til framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt umhverfislöggjöfinni: fjölda landgagnasafna þar sem lýsigögnin innihalda lykilorð úr skrá, sem framkvæmdastjórnin afhendir, sem gefa til kynna að landgagnasafnið sé notað til skýrslugjafar samkvæmt umhverfislöggjöfinni („DSi1,3“).

⁽⁵⁾ COM(2017) 312, lokagerð.

⁽⁶⁾ SWD(2017) 230, lokagerð; skrána í heild sinni er að finna í 1. viðauka við hana (lið 8.1 í skjalinu).

3. Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla fjölda landgagnasafna sem ná annars vegar til svæðis innan lands eða hins vegar til yfirráðasvæðis lands:

- a) fjölda landgagnasafna þar sem lýsigögnin innihalda lykilorð úr skrá, sem framkvæmdastjórnin afhendir, sem gefa til kynna að landgagnasafnið nái til svæðis innan lands („DSi1,4“),
- b) fjölda landgagnasafna þar sem lýsigögnin innihalda lykilorð úr skrá, sem framkvæmdastjórnin afhendir, sem gefa til kynna að landgagnasafnið nái til yfirráðasvæðis lands („DSi1,5“).

4. gr.

Vöktun á samræmi lýsigagna við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 ⁽⁷⁾

Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla hlutfall lýsigagna fyrir landgagnasöfn og landgagnabjónustur, sem aðildarríki birta í gegnum leitarþjónustuna sem um getur í a-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB, sem eru í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1205/2008 að því er lýsigögn varðar:

- a) fjölda landgagnasafna þar sem lýsigögn eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1205/2008, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda landgagnasafna sem til eru lýsigögn fyrir eins og tilgreint er með vísinum „DSi1,1“ („MDi1,1“),
- b) fjölda landgagnabjónusta þar sem lýsigögn eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1205/2008, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda landgagnabjónusta sem til eru lýsigögn fyrir eins og tilgreint er með vísinum „DSi1,2“ („MDi1,2“).

5. gr.

Vöktun á samræmi landgagnasafna við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 ⁽⁸⁾ um rekstrarsamhæfi

Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla hlutfall landgagnasafna sem eru í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1089/2010 að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna:

- a) fjölda landgagnasafna sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda landgagnasafna eins og tilgreint er með vísinum „DSi1,1“ („DSi2“),
- b) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda þeirra landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka („DSi2,1“),
- c) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í II. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda þeirra landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka („DSi2,2“),
- d) fjölda landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB, sem eru í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1089/2010, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda þeirra landgagnasafna sem samsvara þemunum sem talin eru upp í þeim viðauka („DSi2,3“).

6. gr.

Vöktun á aðgengi að landgagnasöfnum gegnum skoðunar- og niðurhalsþjónustur

Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla hlutfall landgagnasafna sem eru aðgengileg gegnum skoðunarþjónustur, sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB, og gegnum niðurhalsþjónustur sem um getur í c-lið þess ákvæðis:

- a) fjölda landgagnasafna sem bæði skoðunar- og niðurhalsþjónustur eru til fyrir, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda landgagnasafna eins og tilgreint er með vísinum „DSi1,1“ („NSi2“),

⁽⁷⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 frá 3. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar lýsigögn (Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12).

⁽⁸⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11).

- b) fjölda landgagnasafna sem skoðunarþjónusta er til fyrir, margfaldað með hundrað og deilt með fjölda landgagnasafna eins og tilgreint er með vísinum „DSi1,1“ („NSi2,1“),
- c) fjölda landgagnasafna sem niðurbálþjónusta er til fyrir, margfaldað með hundrað og deilt með heildarfjölda landgagnasafna eins og tilgreint er með vísinum „DSi1,1“ („NSi2,2“).

7. gr.

Vöktun á samræmi netþjónusta við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 ⁽⁹⁾

Nota skal eftirfarandi vísa til að mæla hlutfall þeirra netþjónusta, sem um getur í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB, sem eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 976/2009 að því er varðar netþjónustur:

- a) fjölda netþjónusta sem eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 976/2009, margfaldað með hundrað og deilt með heildarfjölda netþjónusta („NSi4“),
- b) fjölda leitarþjónusta sem eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 976/2009, margfaldað með hundrað og deilt með heildarfjölda leitarþjónusta („NSi4,1“),
- c) fjölda skoðunarþjónusta sem eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 976/2009, margfaldað með hundrað og deilt með heildarfjölda skoðunarþjónusta („NSi4,2“),
- d) fjölda niðurbálþjónusta sem eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 976/2009, margfaldað með hundrað og deilt með heildarfjölda niðurbálþjónusta („NSi4,3“),
- e) fjölda vörpunarþjónusta sem eru í samræmi við reglugerð (EB) nr. 976/2009, margfaldað með hundrað og deilt með heildarfjölda vörpunarþjónusta („NSi4,4“).

8. gr.

Birting niðurstaðna úr vöktun

Niðurstöður úr vöktun, sem krafist er skv. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB, skulu birtar eigi síðar en 31. mars ár hvert að því er varðar stöðuna á framkvæmd grunngerðarinnar fyrir landupplýsingar 15. desember á næstliðnu ári. Uppfæra skal niðurstöðurnar a.m.k. árlega.

9. gr.

Uppfærsla yfirlitsskýrslna

Aðildarríkin skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina uppfærðar samantektir lýsinga á þeim atriðum sem um getur í 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2007/2/EB. Einungis skal uppfæra þær samantektir lýsinga sem hafa breyst frá síðustu framlagningu.

10. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2009/442/EB er felld úr gildi.

⁽⁹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu (Stjttíð. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9).

11. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. ágúst 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.
